**133. löggjafarþing 2006–2007.**
**Þskj. 171 — 171. mál.**

# Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um barna- og unglingageðdeildina.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvenær má búast við að bið eftir þjónustu barna- og unglingageðdeildarinnar verði komin í viðunandi horf? Hvenær er gert ráð fyrir að biðin verði komin niður í sex mánuði og hvenær undir þrjá mánuði?
2. Hvað þarf barn sem hefur fengið fötlunargreiningu á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og þarf aðstoð barna- og unglingageðdeildarinnar eða innlögn vegna geðrænna vandamála að bíða lengi?
3. Hvernig er samstarfi Greiningarstöðvarinnar og barna- og unglingageðdeildarinnar háttað hvað varðar þjónustu við börn með einhverfueinkenni og geðræn vandamál?